



**BA-ritgerð
í lögfræði**

Tafabætur í verksamningum

Tilkynningaskylda verktaka vegna tafa á verkskilum

Þóra Kristín Þorkelsdóttir

Leiðbeinandi: Heiðar Ásberg Atlason hrl.

Desember 2016



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

LAGAÐEILD

EFNISYFIRLIT

1 Inngangur	3
2 Almenn um samningsfrelsi, kröfurétt og vanefndaúrræði	4
2.1 Kröfuréttur og samningsfrelsi	4
2.2 Vanefndaúrræði	4
3 Samningar um vanefndaúrræði og afleiðingar þeirra	4
4 Verksamningar	5
5 Tafabætur	6
5.1 Hugtakið tafabætur	6
5.2 Almenn um tafabætur.....	6
5.3 Fjárhæð tafabóta	7
5.4 Endurskoðunarréttur dómstóla	8
6 ÍST-30	9
6.1 Almenn um ÍST-30	9
6.2 Gildissvið ÍST-30	10
6.3 Ákvæði ÍST-30 er varða tafabætur	10
7 Tikynningaskylda verktaka vegna tafa á verkskilum	11
7.1 Rökstudd tilkynning	11
7.2 Atriði sem réttlætt geta tafir á verkskilum	14
7.2.1 Breytingar á verki	14
7.2.2 Verkkaupi afhendir ekki gögn	15
7.2.3 Óvænt og óviðráðanleg atvik	15
7.2.4 Óhagstætt tíðarfar	16
8 Niðurlag	17
Heimildaskrá	18
Dómaskrá	19

1. Inngangur

Umfjöllunarefni þessarar ritgerðar er samningsbundin vandefndaúrræði í kröfurétti, með sérstakri áherslu á tafabætur í verksamningum. Vanefndaúrræði er eitt af helstu umfjöllunarefnum kröfuréttarins. Algengt er að aðilar að verksamningi semja sín á milli um vandefndaúrræði sem þeir telja að henti best sínu réttarsambandi. Tafabætur teljast til skaðabóta sem samið er um í verksamningum en eru ólíkar hefðbundum skaðabótum að því leiti að þær hafa bæði kosti og galla fyrir báða samningsaðila. Í tafabótum felst að verktaki greiðir tiltekna fjárgreiðslu til verkkaupa fyrir þann tíma sem skil dragast fram yfir umsaminn afhendingardag. Bætur sem þessar eru bæði taldar vera holl hvatning til verktaka að efna sinn hluta samnings, auk þess sem þær fela í sér aukið hagræði við úrlausn ágreinings ef til þess kemur.

Byrjað verður á að fjalla um samningsfrelsi, fræðigreinina kröfurétt og almennt um vandefndaúrræði kröfuréttar. Í þriðja kafla verður farið almennt yfir vandefndaúrræði í samningum og afleiðingar þeirra. Næst verður fjallað um verksamninga. Síðan verður fjallað um tafabætur, sem eru þungamiðja ritgerðarinnar. Einnig verður vikið að ákvörðunum um upphæð tafabóta, en fjárhæðin getur bæði verið í formi fastrar upphæðar eða tiltekinnar prósentu upphæðar verksamningsins, ásamt heimild dómstóla til endurskoðunar.

Sjötti kafli fjallar um ÍST-30 staðalinn. Það er sá staðall sem mest er stuðst við hér á landi og verður hann skoðaður með áherslu á tilkynningaskyldu verktaka, þá sérstaklega þegar kemur að seinkun á verkskilum og við mat á því hvort tafabætur skulu greiddar. Ef samningsaðilar leita til dómstóla eftir úrlausn deilumála þegar kemur að verksamningum getur það haft mikil áhrif á niðurstöðu dómsins hvort ÍST-30 staðallinn hafi verið notaður við gerð samningsins eða ekki. Lokakafli ritgerðarinnar fjallar um tilkynningaskyldu verktaka vegna tafa á verkskilum, nauðsyn rökstuðnings við tilkynningu verktaka um seinkun og aðstæður sem geta réttlætt þær tafir sem valda seinkun verkskila.

Meginmarkmið umfjöllunnarinnar er að varpa ljósi á mikilvægi tilkynningaskyldu verktaka þegar greiðsla tafabóta verður deilumál og mikilvægi rökstuðnings við tilkynningu um seinkun skiladags. Til stuðnings þess sem fram kemur er vísað til hæstaréttardóma þar sem reynt hefur á ákvæði um tafabætur og tilkynningaskyldu í verksamningum.

2. Almennt um sanningsfrelsi, kröfurétt og vanefndaúrræði

2.1 Kröfuréttur og sanningsfrelsi

Helstu réttarheimildir kröfuréttar er að finna í settum lögum og gegnir löggjöf á því sviði mikilvægu hlutverki.¹ Einkenni réttarsviðs kröfuréttar eru þau að lagareglur er oftast en ekki frávíkjanlegar. Af því leiðir þannig að samningar milli aðila verða ein þýðingarmesta heimildin við úrlausn á kröfuréttarlegum ágreiningsefnum.²

Í íslenskum rétti er í gildi meginregla sem fjallar um samningafrelsi borgaranna og er hún ein af meginstoðum samningaréttarins. Í henni felst að mönnum er frjálst að velja sér gagnaðila við sanningsgerð, velja hvert efni löggæringa sem þeir gera sé og um leið það að ákvarða hvort samningur skuli gerður eða ekki.³

2.2 Vanefndaúrræði

Fari það svo að aðili að gagnkvæmum samningi stendur ekki við sinn hluta getur gagnaðili gripið til svonefndra vanefndaúrræða til þess að vernda eigin hagsmuni. Þessum vanefndaúrræðum má skipta í efndaheimildir og gagnkvæmnisheimildir. Til efndaheimilda teljast til dæmis efndir in natura, skaðabætur og dráttarvextir. Þær miða að því að fá samning efndan eða í það minnsta ígildi hans. Til gagnkvæmnisheimilda teljast hins vegar hald á eigin greiðslu, afsláttur og riftun. Slík úrræði hafa það að leiðarljósi að greiðsluskylda annars sanningsaðila er háð því að greiðsla berist frá gagnaðila.⁴

3. Samningar um vanefndaúrræði og afleiðingar þeirra

Umfjöllun um afleiðingar vanefnda eru þungamiðja kröfuréttar enda gilda þær fullum fetum nema um annað hafi verið samið. Eins og fyrr segir ríkir sanningsfrelsi í íslenskum rétti en í því felst að samningur sem aðilar gera sín á milli ræður réttarsambandi þeirra. Almennar reglur kröfuréttar jafnt skráðar sem óskráðar eru svo samningi til fyllingar að því leiti sem hann er óskýr eða um þau atriði sem ekki er vikið að.

Aðilar geta samið sín á milli um frávík frá almennum reglum um afleiðingar vanefnda og er það í raun mjög algengt. Það ræðst svo af efni sannings, skýringu og fyllingu, hvað teljast réttar efndir hans. Hugmyndir sanningsaðila og það sem er látið í ljós hefur mikla þýðingu

¹ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur Grétar Gunnarsson: *Kröfuréttur I*, bls. 44.

² Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur Grétar Gunnarsson: *Kröfuréttur I*, bls. 42.

³ Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 25-26.

⁴ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur Grétar Gunnarsson: *Kröfuréttur II*, bls. 17.

við túlkun á samningi en að auki má líta til fjölmargra réttarreglna þegar kemur að túlkun og fyllingu samnings.⁵

Þegar kemur að almennum reglum um vanefndir og afleiðingar þeirra má segja að þær séu um margt heppilegar í þeim tilvikum þegar aðilar hafa ekki samið sérstaklega um vanefndir sín á milli. Kosturinn við það þegar aðilar semja um vanefndir er sá að það stuðlar að meiri fyrirsjáanleika. Vanefndaúrræði eru mörg hver mjög matskennd en með samningi er hægt að komast hjá því og stuðlar það að því að samningur samrýmist betur hagsmunum beggja aðila.⁶ Helstu tegundir samningsbundinna vanefndaúrræða eru ábyrgðaryfirlýsingar, samningsákvæði um úrbætur, undanþágu eða takmörkun og samningsákvæði er leiða til rýmri réttar en leiðir af meginreglum kröfuréttar. Önnur vanefndaúrræði sem oft er samið um er til að mynda að hlutur sé seldur eins og hann er, tafabætur og samkeppnisbann.

4. Verksamningar

„Verksamningar eru þeir samningar nefndir, þar sem annar aðilinn, verktaki, tekur að sér, gegn endurgjaldi, að vinna eða annast um tiltekið verk fyrir gagnaðilja, verkkaupa, og verktakinn ábyrgist verkkaupanum árangur verksins.“⁷ Verksamningar teljast til gagnkvæmra samninga þar sem báðir aðilar hafa vissum skyldum að gegna gagnvart hvorum öðrum.⁸

Aðdragandi verksamninga er varða til dæmis meiri háttar mannvirkjagerð geta verið langir og undirbúningur slíkra samninga oft fremur nákvæmur. Samningar sem þessir eru iðulega ítarlegir, efnismiklir og er leitast við að sjá fyrir þau atriði sem á gæti reynt. Vert er að benda á að mikillar óvissu getur gætt á sviði verktakaréttar í samanburði við önnur viðskiptasvið. Verkið getur verið umfangsmikið og samningssamband þannig varað í langan tíma. Á þeim tíma geta verðlagsbreytingar haft áhrif á útreikning á kostnaði við verkið. Einnig getur veðurfar sett strik í reikninginn varðandi árangur og afköst vinnu auk þess sem ákveðin óvissa getur verið varðandi jarðvegsaðstæður á vinnusvæði. Að lokum má nefna að breytingar á flóknum stjórnvaldsreglum geta hæglega breyst á meðan samningssamband varir og þannig haft áhrif á framvindu verks.⁹

Eins og sjá má af framangreindu eru verksamningar um margt flóknir samningar og oft getur samningssambandið varað lengi. Samningsaðilar hafa báðir mikilla hagsmuna að gæta þar sem iðulega er um mikla fjármuni að ræða. Það er því skiljanlega algengt að aðilar semji

⁵ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur Grétar Gunnarsson: *Kröfuréttur II*, bls. 327.

⁶ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur Grétar Gunnarsson: *Kröfuréttur II*, bls. 328-329.

⁷ Páll Sigurðsson: *Verksamningar*, bls. 30.

⁸ Páll Sigurðsson: *Verksamningar*, bls. 30.

⁹ Páll Sigurðsson: *Verksamningar*, bls. 33-34.

sín á milli um vanefndaúrræði sem þeir telja henta sínu samningssambandi best. Auk þess að gefa báðum aðilum aukinn fyrirsjáanleika koma slíkir samningar í mörgum tilvikum í veg fyrir ágreining sem ella hefði getað orðið.

5. Tafabætur

5.1 Hugtakið tafabætur

Hugtökin tafabætur, févítí og dagsektir í verksamningum hafa lengi vafist fyrir mönnum og hugtakanotkun þar af leiðandi verið nokkuð á reiki. Orðið dagsektir virðist hafa verið hvað mest notað í þessum efnum á síðustu þremur til fjórum áratugum. Það þykir ekki heppilegasta orðanotkunin vegna þess að ekki er beinlínis um að ræða sektir eða refsingu heldur frekar fyrir fram ákveðnar bætur. Að auki er fyrri hluti orðsins sem vísar í „dag“ ekki nægilega skýr þar sem bótafjárhæðin getur verið miðuð við vikur eða jafnvel mánuði. Varðandi orðið févítí vísar það aftur að því að um sé að ræða einskonar sekt eða refsingu sem ekki verður séð að sé raunin.¹⁰

Hér eftir verður notast við orðið tafabætur þar sem það þykir skýra merkingu hugtaksins einstaklega vel auk þess sem orðið tafabætur er notað yfir hugtakið í ÍST-30 staðlinum sem vikið verður að hér á eftir.

5.2 Almennt um tafabætur

Þegar fjallað er um tafabætur er átt við það þegar skuldari efnir ekki skuldbindingu sína og honum er gert að inna af hendi fjárgreiðslu til kröfuhafa.¹¹ Nokkurs konar venja hefur myndast við samningsgerð er varðar gerð stærri mannvirkja á fasteign, að samið sé um skyldu verktaka til þess að að greiða tafabætur ef skiladráttur verður á verki eða einstaka verkþáttum. Er í slíkum tilvikum miðað við ákveðinn skiladag sem samið er um og tafabætur reiknaðar frá þeim degi. Þó að venja hafi myndast um þetta atriði í verktakarétti verður ekki talið að venja hafi myndast um það að gera ráð fyrir því að tafabætur séu hluti af samningi nema um það hafi sérstaklega verið samið.¹² Markmið slíkra bóta er fyrst og fremst að knýja fram efndir samnings en einnig að auðvelda uppgjör samningsaðila með fyrirfram ákveðnum skaðabótum vegna vanefnda.¹³

¹⁰ Othar Örn Petersen: „Nokkur orð um tafabætur í verksamningum“, bls. 209.

¹¹ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur Grétar Gunnarsson: *Kröfuréttur II*, bls. 343.

¹² Páll Sigurðsson: *Verksamningar*, bls. 149.

¹³ Páll Sigurðsson: *Verksamningar*, bls. 147.

Mest reynir á samningsákvæði um tafabætur þegar um verksamninga og vinnusamninga er að ræða þó ekki sé útilokað að á það geti reynt á öðrum sviðum réttarins.¹⁴ Almenna reglan er sú að verkkaupi getur eftir almennum reglum skaðabótaréttarins krafist bóta vegna vanefnda verktaka, hafi ekki verið sérstaklega samið um tafabætur. Hafi hins vegar verið samið um tafabætur er meginreglan sú að ekki er hægt að krefjast annarra bóta til viðbótar, nema um það hafi verið sérstaklega samið.¹⁵

Samningsákvæði um tafabætur hafa sína kosti og galla. Kostur þeirra er fyrst og fremst sá að hafi verið samið um tafabætur þarf kröfuhafi ekki að sanna tilurð og umfang tjóns sem hann hefur orðið fyrir, sbr. *Hrd. 2003, bls. 3542 (124/2003)*. Í þeim dómi var fallist á að ákvæði um tafabætur fæli í sér samningsbundnar bætur og því þyrfti ekki að sanna tjón vegna brots á samkeppnisákvæði.¹⁶ Séu samningsákvæði um tafabætur tiltekin í samningi leiðir það óhjákvæmilega af sér einfaldara uppgjör milli aðila. Eins og áður sagði er það tilgangur tafabóta að ekki þurfi að sanna að um tjón hafi verið að ræða. Oft á tíðum getur slík sönnunarbyrði verið erfið fyrir verkkaupa og því ljóst að það er honum einstaklega hagkvæmt að þessar bætur séu ákveðnar fyrirfram. Það leiðir þó af eðli málsins að verkkaupi tekur vissa áhættu með því að semja um tafabætur, þar sem raunverulegt tjón hans getur farið fram úr umsaminni bótafjárhæð. Að auki má nefna það hagræði sem tafabætur fela í sér fyrir verktaka, þar sem hann veit þá upphæð þeirra bóta sem hann verður krafinn um, skili hann ekki af sér verkinu á umsömdum tíma.¹⁷

5.3 Fjárhæð tafabóta

Í skilmála ÍST-30 er vikið að fjárhæð tafabóta, en fjallað verður með ítarlegri hætti um staðalinn í næsta hluta. Þar segir í ákvæði 5.2.6 að „tafabætur ættu að vera áætlaðar miðað við hugsanlegt tjón sem verkkaupi verður fyrir ef verktaki skilar ekki verki sínu á réttum tíma“.

Í eldri útgáfum ÍST-30 var tekið fram að hámark tafabóta skuli almennt vera 0,2% af samningsfjárhæð á dag. Það hefur þó verið tekið úr nýjustu útgáfu sáttmálans. Með því viðmiði hefði greiðsla verið uppfyllt með tafabótum á fimm hundruð dögum. Ekkert ákvæði er um heildarfjárhæð tafabóta í ÍST-30. Ef litið er til NS-3401 hins vegar, sem er samskonar staðall í norskum rétti, má sjá að þar eru tafabætur takmarkaðar. Þar er tekið fram að tafabætur skulu aldrei fara fram úr 10 % af samningsfjárhæð. Sjónarmiðin bak við þessa reglu

¹⁴ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur Grétar Gunnarsson: *Kröfuréttur II*, bls. 343-344.

¹⁵ Othar Örn Petersen: „Nokkur orð um tafabætur í verksamningum“, bls. 211.

¹⁶ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur Grétar Gunnarsson: *Kröfuréttur II*, bls. 344.

¹⁷ Othar Örn Petersen: „Nokkur orð um tafabætur í verksamningum“, bls. 211.

gætu verið þau að samræmi skuli vera milli ábyrgðarinnar og þess er ábyrgðina veitir. Þannig hafa þvingunaráhrif tafabóta fyrirfram ákveðin tímamörk og þegar þeim er náð mun riftun samnings verða æskilegasti kosturinn.¹⁸ Því verður óneitanlega að velta upp hvort að skynsamlegt sé að reikna tafabætur út í hið óendanlega eða hvort setja skuli einhver takmörk í þeim efnum, þá með því að skylda verkkaupa til riftunar. Það mætti því að telja að verkkaupa sé, á einhverju tímamarki, skylt að rifta samningi í stað þess að krefjast tafabóta. Að verkkaupi rifti samningi í þeirri stöðu, er vissulega í takt við þá meginreglu skaðabótaréttarins að það sé skylda aðila að takmarka tjón sitt hvað best hann getur.¹⁹

Ef í samningi eru til staðar ákvæði um tafabætur er upphæð þeirra yfirleitt tiltekin. Ólíklegt er að dómstólar myndu telja sér heimilt að ákvarða upphæð slíkra bóta, eftir almennum sanngirnismælikvarða, ef ekkert væri minnst á upphæð eða einhvers konar viðmiðun. Ákvæði um tafabætur bera með sér mikil frávik frá almennum reglum skaðabótaréttar og verður því að líta á þau sem óskráð ef ekki hefur verið samið um upphæð þeirra.²⁰

Ekkert almennt viðmið er til staðar við ákvörðun á upphæð tafabóta. Leitast er þó við að hafa í huga mið af mælanlegum hgasmunum verkkaupa á því að verkið verði afhent á réttum tíma þegar tafabætur eru ákveðnar. Í sumum tilvikum er fjárhæð tafabóta verðtryggð og oftast er hún á kveðin í krónum eða hundraðshluta af heildarsamningsverðinu fyrir hvern almanaksdag sem dregst að afhenda verkið.²¹

5.4 Endurskoðunarréttur dómstóla

Miðað við það sem hefur verið rakið hér að framan virðist í fyrstu vera tiltölulega einfalt að ganga frá uppgjöri verksamnings séu í honum ákvæði um tafabætur. Það er þó alls ekki svo í öllum tilvikum, og oft kemur til ágreinings er varða tafabætur milli aðila. Hvað varðar fjárhæð tafabóta og það tímamark sem miða skal við þegar þær eru reiknaðar, hafa dómstólar haft rúmar heimildir til endurskoðunar á samningsákvæðum um tafabætur. Jafnvel þegar kemur að því að ákvarða hvort að tafabætur skuli yfir höfuð vera reiknaðar. Þessa endurskoðunarheimild hafa dómstólar sótt í 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga (smnl.) sem hefur þó verið felld úr gildi í dag. Í 36. gr. smnl er hins vegar að finna sambærilega reglu sem talin er veita dómstólum sömu endurskoðunarheimildir

¹⁸ Othar Örn Petersen: „Nokkur orð um tafabætur í verksamningum“, bls. 212.

¹⁹ Othar Örn Petersen: „Nokkur orð um tafabætur í verksamningum“, bls. 213.

²⁰ Páll Sigurðsson: *Verksamningar*, bls. 150.

²¹ Páll Sigurðsson: *Verksamningar*, bls. 151.

og fyrri regla. Hafa dómstólar á grundvelli þessa ákvæðis jafnvel túlkað ákvæði um skiladag á þann hátt að ákvæði um tafabætur í samningum falli niður eða að miðað sé við annað tímabil en tilgreint er í samningum milli aðila.²² Venjulega er annað hvort ágreiningur milli aðila um túlkun á samningsákvæði um tafabætur og hins vegar hvort að lækka eigi eða hafna tafabótum.²³

Hrd. 1947, bls. 520 – Málavextir voru þeir að verktaki sem var seljandi húseignar tók að sér að fullgera eignina fyrir tiltekinn tíma. Ákveðnar voru 500 kr.- tafabætur fyrir hvern dag sem drægist að ljúka verkinu. Kom á daginn að mikil vanræksla varð á skilum af hendi verktaka og fór svo að verkkaupi lauk sjálfur við verkið um ári eftir umsaminn skiladag. Verkkaupi krafðist sýknu á þeim grundvelli að hann ætti inni hjá verktaka ógreiddar tafabætur að upphæð 182.500 kr. Í dómi Hæstaréttar Íslands segir að beint tjón verkkaupa vegna arðmissis af húsinu hafi verið um 15.000 – 16.000 krónur. Var litið til vanrækslu stefnda á því að fullgera húsið auk þess að hliðsjón var höfð af því að verkkaupi hafði þrátt fyrir vanefndir verktaka haft hagnað af húskaupum vegna ört hækkandi verðlags á húsum. Voru bætur og févítí (tafabætur) því ákvarðaðar með vísan í 35. gr. laga nr. 7/1936, að upphæð 25.000 kr.

Ekki er fyllilega ljóst að dómstólar hafi einungis byggt endurskoðunarheimild sína á 35. gr. sml., sem þá var í gildi, í þessu tilviki. Telja verður að sjónarmið um hækkandi verðlag hafi haft mikið að segja um niðurstöðu dómsins og þessi endurskoðun dómstóla því eðlileg.²⁴

6. ÍST-30

6.1 Almennt um ÍST-30

Staðallinn ÍST-30 Almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir er sá staðall sem er einna mest stuðst við hér á landi. Hann fjallar um reglur sem gilda milli þeirra sem kaupa verk og þeirra sem selja verk. Verkkaupi kallast sá aðili sem lætur vinna fyrir sig verk, með eða án undangengis útboðs. Verktaki er svo sá sem með verksamningi tekur að sér að vinna verkið. Staðall þessi er gefinn út af Staðlaráði Íslands og var fyrst gefinn út árið 1969. Síðan þá hefur hann verið uppfærður nokkrum sinnum, nú síðast árið 2012.

Hver réttarstaða milli aðila í verkframkvæmdum er, ræðst fyrst og fremst af þeim samningi sem þeir gera sín á milli. Algengt er að aðilar sem að slíku réttarsambandi standa vísi í samningi sínum í ÍST-30 staðalinn hvort heldur sem er að heild eða hluta. Rétt er þó að taka það fram að staðallinn gildir ekki nema það sé sérstaklega tekið fram í verksamningi.²⁵

²² Othar Örn Petersen: „Nokkur orð um tafabætur í verksamningum“, bls. 213.

²³ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur Grétar Gunnarsson: *Kröfuréttur II*, bls. 346.

²⁴ Othar Örn Petersen: „Nokkur orð um tafabætur í verksamningum“, bls. 213-214.

²⁵ Jóhannes Karl Sveinsson: Viðbótarkröfur verktaka í verksamningum, bls. 14-15.

6.2. Gildissvið ÍST-30

Í fyrsta kafla ÍST-30 staðalsins er gildissvið hans tilgreint. Þar segir í ákvæði 1.1.1 að skilmálarnir gildi um útboð verka og um samninga um verk er þau hafa verið boðin út. Þar segir einnig að staðallinn gildi um samninga um verk án útboðs, eftir því sem við getur átt.

Hafa skal sérstaklega í huga að skilmálar þessir hafa ekki lagagildi að íslenskum rétti og eru því ekki hluti verksamninga almennt nema slíkt sé sérstaklega tekið fram í samningi aðila. Erfitt er að fullyrða nokkuð um notkunartíðni sáttmálans en sé hins vegar ekki stuðst við hann er mjög algengt að samið sé sérstaklega um tafabætur í verksamningum.²⁶

6.3 Ákvæði ÍST-30 er varða tafabætur

Í kafla 5.2. ÍST-30 er fjallað um fresti og tafabætur. Um það efni er fjallað í átta ákvæðum sem á eftir koma. Í fyrsta ákvæði kaflans 5.2.1 er lögð áhersla á að tímamörk séu virt í verksamningum. Þar segir að verktaka beri að haga framkvæmdum þannig að verkinu eða einstökum hlutum þess verði lokið innan þeirra tímamarka sem sett hafa verið í verksamningi. Er þetta atriði einstaklega mikilvægt enda eitt af því sem samningsaðilar skulu hafa að leiðarljósi á meðan réttarsamband þeirra varir, þ.e. að báðir aðilar standi við skuldbindingu sína og þar af leiðandi sinn hluta samningsins.

Þá ber einnig í því samhengi að hafa í huga þá aldagömlu meginreglu um skuldbindingargildi samninga, en hún er viðurkennd regla í rétti flestra þjóða. Í henni felst að samninga og löggæringa skuli halda eða efna. Þróunin hefiur hins vegar orðið sú að nú á dögum eru margar undantekningar sem viðurkenndar eru á reglunni um réttaráhrif samninga. Nýrri viðhorf um réttláta niðurstöðu hafa þannig að vissu leiti þrengt gildissvið hinnar almennu skuldbindingarreglu og talið að samningsaðilar skulu sýna hvor öðrum gagnkvæma tillitsemi.²⁷

Á eftir ákvæðum um gildissvið skilmálans eru talin upp nokkur atriði í ákvæði 5.2.2 sem réttlætt gæti framlengingu á verktíma. Þau varða bæði atriði sem eru í höndum verkkaupa og önnur óviðráðanleg atvik. Að þessum atriðum verður betur vikið hér á eftir. Í ákvæði 5.2.3 er tilgreind viss tilkynningaskylda sem hvílir á verktaka. Þar á eftir, í ákvæði 5.2.4, er tilgreint að verktíma skuli lengja sem nemur tölfræm hlýst af tálmun, auk hæfilegs viðbótartíma til þess að hefja framkvæmdir að nýju. Þá segir einnig að taka skuli tillit til þess ef verkið tefst yfir vetur eða ef verktaki verður að vinna verkið á óhentugri tíma árs en gert var ráð fyrir í samningi.

²⁶ Othar Örn Petersen: „Nokkur orð um tafabætur í verksamningum“, bls. 210.

²⁷ Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 23-25.

Hafi verið samið um tafabætur heildarverks eða einstakra hluta þess getur verkkaupi ekki krafist annarra bóta en tafabótanna. Þetta kemur fram í ákvæði 5.2.5. Þar segir einnig að tafabætur skuli greiddar samkvæmt samningi, þ.e. tilgreind upphæð eða hundraðshluti samningsfjárhæðar, fyrir hvern almannaksdag sem það dregst að ljúka verki eftir að samningsbundinn verktími er útrunninn. Í ákvæði 5.2.6 segir að þegar tafabætur séu ákvarðaðar skuli miða þær við hugsanlegt tjón sem verkkaupi verður fyrir ef verktaki skilar ekki verki sínu á réttum tíma. Bæturnar skulu reiknaðar fyrir hvern almannaksdag sem dregst að afhenda umsamið verk. Í umræddu ákvæði kemur einnig fram það mikilvæga atriði að ef tafabætur eru ákvarðaðar í verksamningi þarf verkkaupi ekki að sanna tjón sitt.

Varðandi úrræði verkkaupa til greiðslu tafabóta segir í ákvæði 5.2.8 að hann geti dregið gjaldfallnar tafabætur af síðari greiðslum til verktaka.

7. Tilkynningaskylda verktaka vegna tafa á verkskilum

7.1 Rökstudd tilkynning

Þegar aðilar semja um greiðslu tafabóta kemur iðulega upp ágreiningur hvort eða hvenær verki hafi verið skilað. Sjái verktaki að tafir gætu orðið á skilum ber honum að senda verkkaupa tilkynningu um það. Í tilkynningunni skal verktaki einnig útlista hver vegna hann telji sig eiga rétt á framlengingu á skilafresti.²⁸ Ákvæði 5.2.3 ÍST-30 fjallar um tilkynningaskyldu sem á verktaka hvílir til verkkaupa vegna tafa á verkskilum. Þar segir:

5.2.3 Ef verktaki telur sig eiga rétt á framlengingu á verktíma skal hann tafalaust senda verkkaupa rökstudda tilkynningu um það. Í tilkynningu skal rökstutt að töfin hafi hlotist af þeim atvikum sem verktaki bar fyrir sig.

Í þessu felst það grundvallaratriði að verktaki verður að tilkynna verkkaupa það með skýrum og greinargóðum hætti ef hann telur sig eiga rétt á framlengingu á fresti. Það felur um leið í sér að verktaki verður, sé þess krafist, að sanna að töfin sé til komin vegna þeirra atvika sem hann ber fyrir sig. Fullnægi verktaki ekki þessu skilyrði er talið að hann hafi þannig með tómlæti sínu firrt sig rétti til framlengingar skilafrests.²⁹

Ekkert kemur fram í nýjustu útgáfu ÍST-30 um hvernig form þessarar tilkynningar skuli háttað, þó um það hafi verið ákvæði í eldri útgáfum, þar sem gert var ráð fyrir því að tilkynning væri skrifleg. Það verður þó að teljast að skrifleg tilkynning væri æskilegust í ljósi

²⁸ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur Grétar Gunnarsson: *Kröfuréttur II*, bls. 347.

²⁹ Páll Sigurðsson: *Verksamningar*, bls. 109.

Þess að með því verður sönnunarbyrði verktakans auðveldari heldur en ef um munnlega tilkynningu væri að ræða.

Hér á eftir verður litið til dómaframkvæmdar Hæstaréttar Íslands er varðar tafabætur í verksamningum og þá með sérstakri áherslu á gildi tilkynningaskyldu verktaka um framlengingu á skiladegi.

Hrd. 23. janúar 2014 (425/2013) – Í þessu máli krafði IDEX ehf. (I) þess að Ístak hf. (Í) greiddi reikninga vegna verks sem I hafði unnið sem undirverktaki Í í kjölfar útboðs. Reikningarnir vörðuð verk sem I taldi viðbótar- og aukaverk. Í krafði aftur á móti I um greiðslu vegna úrbóta á verki I sem Í hélt fram að hefði þurft að vinna. Að auk krafðist Í greiðslu skaðabóta vegna galla og tafabóta. Hvað varðaði greiðsluskyldu Í á ýmsum reikningum þá var hún óumdeild og Í gert að greiða hluta þeirra. Þá var einnig fallist á kröfu Í um tafabætur. Vísað var til þess að I hefði ekki óskað eftir viðbótarfresti á skilum sinna verkþátta í samræmi við ÍST-30:2003. Af hálfu I var byggt á því að þær tafir sem urðu á framkvæmd hans verkþátta mætti að hluta til rekja til atriða við verkið sem Í bæri ábyrgð á. Hæstiréttur segir að slíkar tafir gátu gefið Í tilefni til að krefjast framlenginga á skiladögum á grundvelli greinar 24.2 í ÍST-30:2003. Þrátt fyrir það sendi I, Í ekki rökstudda tilkynningu um að hann teldi sig eiga rétt á slíkum fresti eins og áskilið er samkvæmt grein 24.3 í ÍST-30:2003. Var því staðfest sú niðurstaða hins áfrýjaða dóms að gagnáfrýjandi gæti ekki borið fyrir sig að honum hafi verið heimilt að skila verkinu eftir umsamda skiladaga og fallist, eins og áður segir, á kröfu Í um tafabætur að upphæð 19.550.000 krónum.

Þessi niðurstaða Hæstaréttar grundvallar umrædda tilkynningaskyldu verktaka um að hann verði að óska sérstaklega eftir skilafresti, telji hann sig eiga rétta á því. Það skal hann gera með skýrum og rökstuddum hætti. Sé það ekki gert verður að líta svo á að tafabætur sem aðilar hafa samið um standi fullum fetum og vertaka gert að greiða þær.

Hrd. 18. september 2014 (58/2014) – Málavextir voru þeir að verktakafyrirtækið Fonsa ehf. tók að sér með verksamningi 18. júní 2010 að ljúka uppsteypu á einbílshúsi verkkaupa. Skyldi verkinu vera lokið eigi síðar en 15. október 2010. Viðaukasamningur var síðar gerður við upprunalegan verksamning 1. desember 2010. Þar kom fram að verkinu skyldi að fullu lokið fyrir 28. febrúar 2011 og lyki verktaki því ekki fyrir 15. mars sama ár skyldi hann greiða verkkaupa dagsektir, sem næmu 1% af sammingsverki fyrir hvern almanaksdag sem afhending drægist fram yfir áður nefndar dagsetningar. Lokaúttekt verksins fór svo fram 11. og 18. maí 2011, 63 dögum eftir umsaminn afhendingardag. Verktakafyrirtækið Fonsa ehf. krafði verkkaupa um greiðslu á tveimur reikningum vegna vinnu sinnar. Samkvæmt verksamningi aðila var staðallinn ÍST-30:2003, meðal sammingsgagna. Hvað varðaði annan reikninginn lá fyrir að miklar tafir hefðu orðið á afhendingu hönnunargagna af hálfu verkkaupa og hafði það verið staðfest af eftirlitsmanni og byggingarfulltrúa. Þrátt fyrir það hafði Fonsa ehf. ekki náð með nægilega rökstuddum hætti að sýna fram á að það hefði sent verkkaupa tilkynningu um framlengingu á verkskilum eða tilgreint hve langan frest fyrirtækið þyrfti að fá. Niðurstaða málsins varð því sú að Fonsa ehf. hafði ekki fullnægt þeim skyldum sem á þeim hvíldu samkvæmt áðurgreindum ÍST-30 staðli og gat félagið ekki borið það fyrir sig að heimilt hefði verið að skila verkinu eftir umsaminn tíma. Var verkkaupi því sýknaður af körfu Fonsa ehf.

Af þessum dómi má draga þær ályktanir að ef vissum skilyrðum yrði uppfyllt væri dómstólum heimilt að virða tafabætur í samningi að vettugi. Hæstiréttur Íslands rökstyður niðurstöðu sína þannig að Fonsa ehf. bæri skylda til þess að sanna að það hefði sent verkkaupa rökstudda tilkynningu um framlengingu á verkskilum og einnig að tilgreina hefði átt hve langan tíma það þyrfti til frestunar á afhendingu.

Hrd. 4. desember 2014 (29/2014) – Málavextir þessa dóms voru þau að verktakinn Atafl ehf. (A) höfðaði mál á hendur Fjárstreymi ehf. (F) til greiðslu skuldar vegna vinnu í þágu hins síðarnefnda við byggingu einbýlishúss. Deilt var um hvort A ætti rétt til greiðslu verklauna vegna viðbótaverka og hvort F ætti gagnkröfu á hendur honum vegna úrbóta og viðgerða. Auk þess byggði F á því að til frádráttar kröfu A kæmu tafabætur vegna tafa á framkvæmd verksins. Hvað varðaði tafabæturnar byggði A á því að þær tafir, sem urðu á framkvæmd verksins, hafi að miklu leyti mátt rekja til atriða sem aðaláfrýjandi bæri ábyrgð á. Umkvartanir þess efnis komu margoft fram í fundargerðum verkfunda. Segir í dómnum að slíkar tafir gátu gefið A tilefni til þess að krefjast framlenginga á skiladögum á grundvelli ÍST-30 en þar er mælt fyrir um skilyrði þess að unnt sé að krefjast framlengingar á verk tíma. Þrátt fyrir það sendi gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda ekki rökstudda tilkynningu um að hann teldi sig eiga rétt á slíkum fresti eins og áskilið er í ÍST-30. Hafði hann því ekki fullnægt þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt ÍST-30 og gat því ekki borið fyrir sig að honum hafi verið heimilt að skila verkinu eftir umsaminntíma. Hæstiréttur tekur einnig fram að samkvæmt verksamningi aðila var skylda A til greiðslu tafabóta ótvíræð. Niðurstaðan var því sú að talið var að F ætti rétt á tafabótum í 50 daga sem draga ætti frá kröfu A.

Enn og aftur kemst Hæstiréttur að sömu niðurstöðu hvað varðar tilkynningaskyldu verktaka þegar um skilafrest er að ræða. Telji verktaki sig eiga rétt á fresti á skilum á verki og vera þar af leiðandi undanskilin greiðslu tafabóta á þeim tíma, ber honum að senda verktaka rökstudda tilkynningu þess efnis. Verður að telja að það hvíli rík skylda á verktökum sem er áskiln í ÍST-30.

Hvað varðar dóma þar sem fallist var á að verktaki hafi fullnægt tilkynningaskyldu sinni með fullnægjandi hætti má benda á tvo dóma Hæstaréttar Íslands málinu til skýringar.

Hrd. 25. október 2007 (58/2007) – Þar var talið að verktaki hafi fullnægt tilkynningaskyldu sinni hvað varðaði sjö af tíu tilgreindum atriðum. Fallist var á með stefnda að með breyttri verkáætlun teljist hann hafa uppfyllt nægilega tilkynningaskyldu sína sem kveðið er á um í ÍST 30 grein 24.3. Var þá haft í huga að aðilar héldu reglulega verkfundi, þar sem fjallað var um verkið og framgang þess. Á þessa fundi var ávallt mætt af hálfu beggja auk þess sem eftirlitsmaður áfrýjanda var jafnan mættur. Var lagt til grundvallar að áfrýjanda hafi verið kunnugt um þau atriði sem hér um ræðir á svipuðum tíma og þau komu upp. Þetta leiddi ekki til þess að hin formlega tilkynningaskylda stefnda samkvæmt grein 24.3 hafi fallið niður heldur voru ekki gerðar jafnstrangar kröfur til þess hversu fljótt tilkynningar hafi þurft að koma fram.

Hrd. 6. maí 2010 (399/2009) – Hér var það sama uppi á teningnum en það var einnig fallist á það að verktaki hafi fullnægt tilkynningaskyldu sinni. Með vísan til skriflegra krafna á verk tíma var fallist á niðurstöðu hins áfrýjanda dóms um að gagnáfrýjandi hafi uppfyllt kröfu 11. gr. verksaminings aðila og greinar 24.3 í ÍST-30 um tilkynningar til aðaláfrýjanda um að gagnáfrýjandi teldi sig eiga rétt á framlengingu á fresti til að skila verkinu. Fyrir lá í málinu að

vertaki hafi á verkfundum í júní til september 2004 gert athugasemdir vegna tafa af hálfu verkkaupa, kom það ítarlega fram í verkfundargerðum og var bókað þar um. Auk þess sendi verktaki verkkaupa tölvupósta þar sem var tilgreint greinilega orsakir tafa á verkskilum og vísaði kröfu um greiðslu tafabóta á bug.

Þessi dómur er mjög gott dæmi um þann áskilnað sem er gerður varðandi tilkynningaskyldu verktaka. Hann sýnir fram á að sé með ítarlegum og skilvirkum hætti lögð fram röksudd tilkynning þess efnis að verkskil dragist, fallist dómstólar á það að tafabætur skuli ekki reiknaðar svo framarlega sem sannað verði að ástæður seinkunar séu á ábyrgð verkkaupa. Þá verður einnig að telja í ljósi framangreindra atriða er varða form slíkrar tilkynningar, að skriflegar tilkynningar hljóti að teljast æskilegastar í þessum efnum en þessi dómur er einmitt skýrt dæmi um það að öll sönnunarbyrði verður einfaldari og auðveldara að taka ákvörðun um gildi tafabóta sé það gert.

Af framangreindu leiðir óhjákvæmlega að mikilvægi tilkynningaskyldu verktaka á töfum er mikið þegar kemur að ákvörðun tafabóta í kjölfar vanefnda í verksamningum. Ljóst er að sé þeirri skyldu ekki fullnægt geti það leitt til þess að verktaki verði látinn greiða bæturnar, þó hann hefði í raun átt rétt á skilafresti. Velta má fyrir sér hver niðurstaða yrði í máli þar sem ÍST-30 er ekki hluti af samningi aðila. Líklega yrði raunin sú að skilyrðið um tilkynningaskylduna væri ekki jafn strangt og í þeim tilvikum þar sem stuðst er við fyrrgreindan staðal.

7.2 Atriði sem réttlætt geta tafir á verkskilum

Meiri háttar mannvirkjaframkvæmdir geta tekið langan tíma, jafnvel nokkur ár. Eins og áður segir er margt sem getur komið upp á. Verktaki verður að ábyrgjast sumar afleiðingar sem verða vegna slíkra tafa en önnur atvik geta leitt til þess að hann megi krefjast framlengingar á skilafresti.³⁰ Verður nú vikið að þeim atriðum sem réttlætt geta tafir á verkskilum.

7.2.1 Breytingar á verki

Í ÍST-30 segir í a-lið gr. 5.2.2 að verktaki geti krafist lengingar á verktíma ef breytingar hafi orðið á verki sem seinki framkvæmdum. Af því leiðir að verktaki á rétt til þess að fá greiðslu vegna aukakostnaðar sem verður vegna þessa, úr höndum verkkaupa. Það gildir svo framarlega sem að verktaki geti fært fyrir því sönnur að breytingarnar hafi leitt til tafa og gert það að verkum að hann hafi ekki getað skilað af sér verkinu á réttum tíma. Þó er ekki talið að

³⁰ Páll Sigurðsson: *Verksamningar*, bls. 103.

verktaki verði að fara fram á framlengingu fyrir fram heldur er honum heimilt að bíða þar til ljóst er hvort og hvaða áhrif breytingarnar koma til með að hafa á verkskil.³¹

7.2.2 Verkkaupi afhendir ekki gögn

Í b-lið fyrrnefndrar gr. ÍST-30, 5.2.2, er fjallað um þau tilvik þegar verkkaupi leggur ekki til í tæka tíð uppdrætti, verklýsingar, efni, vinnu, vinnutæki eða annað sem hann sjálfur eða aðrir á hans vegum eiga að láta í té og verki seinkar af þessum sökum eða annarra atriða sem varða verkkaupa. Í slíkum tilvikum er talið að verktaka sé heimilt að krefjast lengingar á verktíma. Verkkaupi ber víðtæka ábyrgð á þessu sviði en í því felst að hann ber ekki einungis ábyrgð á atvikum sem varða hann sjálfan, heldur líka á atvikum sem viðsemjendur hans vanefna. Þar má sem dæmi nefna tafir sem verða vegna seinkunar á afhendingu á efnum eða tækjum sem aðrir viðsemjendur hans vanefna. Að auki má nefna að þessi ábyrgð verkkaupa nær einnig til sjálfstæðra hliðarverktaka.³²

7.2.3 Óvænt og óviðráðanleg atvik

Óviðráðanleg og óvænt atvik, sem ekki er hægt að kenna verktaka um, en tálma verkframkvæmdum verulega geta gert það að verkum að verktaki skuli fá lengri skilafrest, krefjist hann þess. Til óviðráðanlegra atvika mætti telja: eldsvoða, verkfall eða verkþann, óvenjulega náttúruviðburði, styrjöld eða annað þess háttar. Er það tiltekið í c-lið ákvæðis 5.2.2 ÍST-30. Þessi regla er leidd af almennum og viðurkenndum meginreglum kröfuréttar, þar sem ekki þykir rétt að verktaki beri ábyrgð á slíkum ófyrirsjáanlegum atvikum. Vert er að taka fram að upptalning þessi er ekki tæmandi og eru því fleiri atvik sem gætu komið til greina í þessum efnum.

Talið er að þessi atvik sem hér um ræðir megi ekki vera of almenns eðlis eins og til dæmis skortur á vinnuafli. Við slík atvik mætti gera þær kröfur að verktaki hefði mátt sjá það fyrir og getað gert ráðstafanir til úrbóta.

Í umræddu ákvæði er gerð krafa um að veruleg tálmun hafi orðið og ber verktaki sönnunarbyrði á því að sína fram á að tilgreint atvik hafi í raun og veru tafið framkvæmdir. Þá kemur einnig til skoðunar hvort að verktaki hefði getað án mikils kostnaðar komið í veg fyrir eða takmarkað tjónið auk þess sem skilyrðið um ófyrirsjáanleika verður að vera til staðar.

³¹ Páll Sigurðsson: *Verksamningar*, bls. 103-104.

³² Páll Sigurðsson: *Verksamningar*, bls. 104.

Ekki er tekið fram í ákvæðinu hvort að verktaki geti í þessum tilvikum farið fram á greiðslu vegna aukakostnaðar sem af þeim leiðir, en ef ekki er samið um þetta atriði ber að túlka það sem svo að ólíklegt sé að fallist yrði á það. Aðilar geta þó alltaf samið um þessi atriði sín á milli. Að lokum má benda á það augljósa atriði í þessum efnum að ef verktaki hefur mátt sjálfum sér um að kenna að afhendingardráttur hefur orðið, getur hann ekki borið það fyrir sig sem óviðráðanleg atvik.³³

7.2.4 Óhagstætt tíðarfar

Óhagstætt tíðarfar er svo fjórði og síðasti liður sem tiltekinn er í ákvæðinu. Þar segir að verktaki geti fengið skilafrest, sé tíð sérlega óhagstæð miðað við stað og árstíma sem raskar þannig framkvæmdum verulega frá verkáætlum verktaka, enda hafi hann sýnt fram á að ekki hefði verið hægt að komast hjá töfnni sem af því hlýst með breyttri verkáætlun. Slíkt ætti þó ekki að koma verktökum héraendis mikið á óvart og verður því að gera þá kröfu að slíkt sé að vissu leyti tekið með í reikninginn við stofnun samnings. Þó er þekkt að ef tíð er sérstaklega óhagstæð, líkt og sett er sem skilyrði í ákvæðinu, veiti hún rétt til framlengingar á verkskilum ef hún raskar verulega verkáætlun verktaka. Hann verður þó að geta sýnt fram á að hann hafi ekki getað komist hjá þessari töf með einhverjum hætti.³⁴

³³ Páll Sigurðsson: *Verksamningar*, bls. 106-108.

³⁴ Páll Sigurðsson: *Verksamningar*, bls. 108.

8. Niðurlag

Í þessari umfjöllun var leitast við að greina frá mikilvægi tilkynningaskyldu verktaka á töfum þegar kemur að seinkun á skilum á verki í verksamningum. Ljóst er að telja verður gríðarlega mikilvægt að verktaki tilkynni verkkaupa svo fljótt sem auðið er ef séð verður fram á að slík töf verði. Gera verður þá kröfu að verktaki skýri frá ástæðum tafa og rökstyðji þær ástæður vandlega. Láti verktaki það undir höfuð leggjast að skýra frá þessum atriðum í tæka tíð verður öll sönnunarfærsla þyngri í vöfum og niðurstaða máls gæti orðið sú að hann yrði krafinn um greiðslu tafabóta jafnvel þó hann hefði í raun átt rétt á skilafresti. Það á við þó að ástæður tafanna séu vegna atriða er varða verkkaupa sjálfan.

Umfjöllun um ÍST-30 staðalinn miðar að því að skýra þau ákvæði hans er varða bæði fresti á verkskilum og tafabætur. Útgangspunktur ritgerðarinnar er svo í sjöunda kafla þar sem fjallað er um tilkynningaskyldu verktaka vegna tafa á verkskilum. Einnig var fjallað um þau atriði sem talið er að geti réttlæt tafir á verkskilum og þá miðað við að undirstrika þau atriði sem tiltekin eru í ÍST-30 staðlinum almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir. Sérstaklega var fjallað um ákvæði 5.2.2. í staðlinum, sem útlistar þær aðstæður sem geta réttlæt seinkun verkskila. Þar er átt við þær aðstæður sem geta komið upp af óviðráðanlegum orsökum, atvik á ábyrgð verkkaupa sem og atvik sem kenna má verktaka um.

Út frá þessu má áætla að það sé grundvallaratriði og um leið skylda verktaka, þegar kemur að frávikum frá tafabótum sem um hefur verið samið, að hann láti í ljós svo fljótt sem auðið er að skil fari ekki fram á umsömdum degi. Ásamt því að tilkynna sem fyrst um seinkun skiladags skal um leið gerð grein fyrir því hvers vegna ekki er möguleiki að skil fari fram á áætluðum skiladegi. Til stuðnings ályktana sem fram koma eru reifaðir valdir dómar Hæstaréttar þar sem reynt hefur á ákvæði ÍST-30 um tilkynningaskyldu verktaka.

HEIMILDASKRÁ

Jóhannes Karl Sveinsson: „Viðbótarkröfur verktaka í verksamningum“. Ritröð Lagastofnunar.

Othar Örn Petersen: „Nokkur orð um tafarbætur í verksamningum“. *Útljótur*, 3-4. tbl. 1990, bls. 209-218.

Páll Sigurðsson: *Kröfuréttur. Almennur hluti*. Reykjavík 1992.

Páll Sigurðsson: *Samningaréttur. Yfirlit um meginreglur íslensks samningaréttar*. Reykjavík 2004.

Páll Sigurðsson: *Verksamningar. Meginreglur íslensks verktakaréttar*. Reykjavík 1991.

Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason, og Eyvindur Grétar Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efndir kröfu*. Reykjavík 2009.

Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason, og Eyvindur Grétar Gunnarsson: *Kröfuréttur II. Vanefndaúrræði*. Reykjavík 2011.

DÓMASKRÁ

Dómar Hæstaréttar:

Hrd. 1947, bls. 520

Hrd. 2003, bls. 3542 (124/2003)

Hrd. 25. október 2007 (58/2007)

Hrd. 6. maí 2010 (399/2009)

Hrd. 23. janúar 2014 (425/2013)

Hrd. 18. september 2014 (58/2014)

Hrd. 4. desember 2014 (29/2014)